

402. mál.

Ég vil lýsa yfir áhyggjum mínum að fjármálaáætlum um að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna.

Ég og maðurinn minn erum ung fjölskylda sem rekur lítið ferðaþjónustufyrirtæki sem hefur verið starfrækt innan fjölskyldunar seinustu 25 árin í Örfasveit.

Síðasliðin 4 ár höfum við séð mikinn mun á rekstrinum og í fyrsta skipti fyrir 3 árum var grundvöllur til þess að halda rekstrinum gangandi allt árið um kring fyrir 4 starfsmenn (okkur og tengdaforeldrana), fyrir þann tíma urðu fjölskyldumeðlimir að leita annað að vinnu yfir vetrartímamann.

Nú seinustu 2 árin höfum við getað ráðið inn heimafólk sem vill setjast hér að og höfum við áhuga á að getað boðið þeim upp á vinnu allt árið um kring eins lengi og þau vilja hana.

Þetta er jákvæð þróun þar sem ungt heimafólk sér fyrir sér að búa í sveitinni og byggja sér hér upp líf allt þökk sé uppgangi í ferðaþjónustunni, meðal þeirra eru það ég og maðurinn minn og sem og starfsmenn okkar.

Síðasliðinn vetur höfum við séð breytingu á upplifun og hegðun ferðamannsins vegna hækkandi gengis og finnst mér ferðaþjónustan ekki mega við enn frekari hækkun á verði, sérstaklega fyrir fyrirtæki út á landi þar sem ferðamenn hafa minna fjármagn til þess að ferðast lengra en að sjá Gullfoss og Geysi.

Ég og maðurinn minn vorum að byggja framtíðarhúsnæðið okkar í Örfasveit sem og starfsmenn okkar og höfum við virkilegar áhyggjur af því hver framtíð ferðaþjónustan verður á okkar svæði, við höfum engan áhuga á því að flytja aftur til Reykjavíkur en ef það verður niðursveifla í ferðaþjónustunni á okkar svæði þá getum við ekki séð fram á að búa hérna enda ekki mikið um önnur störf.

Ég vona að þið endurskoðið ákvörðun ykkar um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna með tilliti til landsbyggðarinnar og óhagstæðu gengi krónunar.

Ekki gera Ísland að langdýrasta landi í heimi fyrir ferðamenn.

Helen María og Aron Franklín
Local Guide